

Samningur

mennta- og menningarmálaráðuneytis við Norræna félagið á Íslandi um ráðstöfun styrktarframlags í fjárlögum

Mennta- og menningarmálaráðuneyti, kt. 460269-2969 og Norræna félagið, kt. 490269-5689, í samningi þessum nefnt Norræna félagið, gera með sér svofelldan samning.

1. Markmið, verkefni og starfsemi

1.1. Meginmarkmið með samningi þessum er að:

- Styrkja starfsemi Norræna félagsins á árunum 2018-2020. Tilgangur félagsins er að efla samstarf og vináttutengsl Íslendinga og annarra Norðurlandabúa. Félagið hefur frá upphafi staðið fyrir félagsmótum þar sem fólk frá öllum Norðurlöndum hittist. Markmið starfsemi Norræna félagsins er að efla norrænt samstarf á öllum sviðum samfélagsins, efla frið og skilning Norðurlanda á milli og annarra þjóða út á við. Norræna félagið vinnur að markmiðum sínum með því að stuðla að samskiptum milli einstaklinga, félagsdeilda og byggðarlaga og við systurfélög sín á Norðurlöndum innan vébanda sambands Norrænu félaganna (Foreningerne Nordens Forbund, FNF).

1.2. Verkefni

- Norræna félagið rekur skrifstofu í eigin húsnæði að Óðinsgötu 7 í Reykjavík. Opnunartími skrifstofu er alla virka daga frá 09.00 – 16.00 og er starfsfólki ætlað að veita almenningi góða og faglega þjónustu um Norðurlönd og norrænt samstarf. Þá þjónar skrifstofan félagsmönnum og félagsdeildum við ýmiss málefni sem öll hafa það að markmiði að styðja samstarf Norðurlanda á sem flestum sviðum. Norræna félagið annast ýmis verkefni m.a. fyrir Norrænu ráðherranefndina, sameiginleg norræn verkefni systurfélaganna og í samvinnu við önnur félög svo sem Þjóðræknisfélag Íslendinga. Helstu verkefni eru:
- Halló Norðurlönd veitir hagnýtar upplýsingar um flutning milli Norðurlanda www.hallonorden.org
- Nordjobb miðlar sumarvinnu, húsnæði og tómsfundadagskrá á hinum Norðurlöndunum til ungmenna á aldrinum 18-30 ára. www.nordjobb.net
- Norræna félagið sækir árlega um styrk frá Nordplus Voksen sem það endurúthlutar til íslenskra ungmenna sem ljúka námi við norræna lýðháskóla. Norræna félagið veitir almennar upplýsingar um lýðháskóla á Norðurlöndunum.
- Tungumálanámskeið í norrænum tungumálum fyrir félagsmenn og fjölskyldur þeirra eru haldin í samræmi við eftirspurn. Markhópar eru þeir sem ekki hafa aðgang að kennslu í norrænum málum í skólakerfinu þ.e. þeir sem lokið hafa skyldunámi auk barna sem hafa alist upp við skandinavískt mál.
- Snorraverkefni gefa Vestur-Íslendingum kost á að leita uppruna síns á Íslandi. www.snorri.is
- Norræna bókmenntavikan áður bókasafnavikan býður upp á upplestur og aðra bókmenntatengda dagskrá á bókasöfnum og stofnunum. www.bibliotek.org
- Norræna félagið er fulltrúi Íslands í NGO Baltikum.
- Norræna félagið tók yfir skyldur og verkefni sem voru hjá Norrænu upplýsingaskrifstofunni á Akureyri um leið og starfsemi var hætt þar.

LDA / Ræni

1.3. Starfsemi

Norræna félagið eru frjáls félagasamtök sem vinna að því að efla tengsl fólks innan Norðurlandanna. Félagið var fyrst stofnað í Svíþjóð, Danmörku og Noregi 1919, á Íslandi 1922 og Finnlandi 1924.

1.4. Áherslur

Efla samstarf og vináttutengsl Íslendinga og annarra Norðurlandabúa.

2. Forsendur sammings, lagaheimildir og lagaskyldur

- 2.1. Ráðuneytið gerir samning þennan á grundvelli heimildar í 42. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015.
- 2.2. Ráðuneytið annast samskipti aðila vegna sammingsins við fjármála- og efnahagsráðuneyti, sbr. 1. mgr. 21. gr. laga um opinber fjármál, nr. 123/2015 og við Alþingi.
- 2.3. Framlag í samningi þessum fellur undir stefnu ráðherra á málefnasviði 22, stjórnslá mennta- og menningarmála, en undir stjórnsláunum fellur einnig þátttaka í norrænni samvinnu og samningurinn við Norræna félagið.
- 2.4. Norræna félagið skal hafa kynnt sér lög og reglugerðir sem gilda um verkefnið og skuldbindur sig til að starfa samkvæmt þeim. Vakin er sérstök athygli sammingshafa á eftirfarandi lagaákvæðum: Lög um Ríkisendurskoðun, nr. 86/1997 og lög um opinber fjármál.
- 2.5. Norræna félagið starfar samkvæmt lögum og samþykktum félagsins.
- 2.6. Norræna félagið starfar í samræmi við lög og reglugerðir sem eiga við um umsamda starfsemi og verkefni, en einnig eftir því sem við á, eftir lögum og reglugerðum um rekstur aðila sem ekki eru ríkisaðilar en veita opinbera þjónustu sem er kostuð að verulegu eða öllu leyti af framlögum ríkisins. Eftirfarandi lög og reglugerðir kunna því að eiga við:
 - 2.6.1. Lög um opinber fjármál nr. 123/2015.
 - 2.6.2. Lög um opinber innkaup nr. 120/2016.
 - 2.6.3. Upplýsingalög nr. 140/2012.
 - 2.6.4. Stjórnsláunum nr. 37/1993.
 - 2.6.5. Lög um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga nr. 46/2016.
 - 2.6.6. Samkeppnislög nr. 44/2005.
 - 2.6.7. Lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 90/2018.
 - 2.6.8. Lög um opinber skjalasöfn nr. 77/2014.

3. Fjárhagsleg skuldbinding

- 3.1. Heildarskuldbinding sammingsins er 26,1 m.kr.
- 3.2. Árlegt framlag ríkisins er 8,5 m.kr. árið 2018, 8,8 m.kr. árið 2019 og 8,8 m.kr. árið 2020.
- 3.3. Verði gerð breyting á fjárheimildum til málaflokks 22 í fjárlögum geta aðilar tekið upp viðræður um aðlögun rekstursins að breyttri fjárveitingu.
- 3.4. Gerður er fyrirvari um að stjórnvöld kunna að ákveða aðhaldsaðgerðir við samþykkt fjárlaga og á Norræna félagið ekki kröfu á ríkissjóð eða rétt á bótum þótt framlag til sammingsins verði lækkað eða fellt niður. Séu gerðar almennar aðhaldskröfur af hálfu ríkisins til málaflokks 22 er heimilt að gera sömu kröfur til aðhalds í rekstri verkefna sem falla undir málaflokk 22 hjá Norræna félaginu.
- 3.5. Fjárhagsleg ábyrgð ríkisins vegna rekstrarverkefnisins takmarkast við þær fjárhæðir sem eru í samningnum.

WDA / Bani

- 3.6. Ríkið greiðir árlegt framlag sitt í samræmi við greiðsluáætlun sem ráðuneyti samþykkir í lok árs. Greitt er inn á bankareikning í viðskiptabanka Norræna félagsins enda uppfylli samningshafi öll skilyrði og kröfur sem samningur þessi kveður á um.

4. Ábyrgð

- 4.1. Norræna félagið ber ábyrgð á starfsemi sem samningur þessi tekur til.
- 4.2. Norræna félagið ber ábyrgð á skuldbindingum sem félagið stofnar til í tengslum við samning þennan.
- 4.3. Norræna félaginu er óheimilt að:
- Afhenda, án skriflegs samþykkis ráðuneytis, réttindi sín og skyldur samkvæmt samningi þessum í hendur þriðja aðila.
 - Framselja greiðslur skv. samningi þessum til þriðja aðila og setja með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu skv. 45. gr. laga um samningsveð, nr. 75/1997.

5. Upplýsingar, samskipti og eftirlit vegna fjármála og verkefna

- 5.1. Ráðuneytið hefur eftirlit með framkvæmd samningsins.
- 5.2. Norræna félagið skal skila ráðuneytinu ársáætlun um rekstur og starfsáætlun yfirstandandi árs, þar sem fram komi m.a. áætlun um ráðstöfun framlagsins og helstu markmið sem unnið verður að fyrir lok mars ár hvert.
- 5.3. Norræna félagið skal skila ráðuneytinu skoðuðum ársreikningi ársins á undan með skýringum fyrir lok júní ár hvert og skal afrit jafnframt sent Ríkisendurskoðun.
- 5.4. Norræna félagið skilar ráðuneytinu öllum þeim upplýsingum sem ráðuneytið kallar eftir, í tengslum við rekstur félagsins til opinberrar upplýsingagjafar.
- 5.5. Norræna félagið veitir ráðuneytinu upplýsingar sem það kallar eftir vegna eftirlits með framkvæmd samningsins. Ráðuneytið hefur heimild til að gera sjálft eða fela öðrum að gera athuganir og úttektir á öllum eða einstaka þáttum í framkvæmd samningsins. Við eftirlit hefur ráðuneytið óheftan aðgang að öllum gögnum sem máli skipta.

6. Vanefndir og meðferð ágreinings


- 6.1. Norræna félagið tilkynnir ráðuneytinu tafarlaust ef það telur vafa leika á að það geti uppfyllt skyldur samkvæmt samningnum. Jafnframt greinir Norræna félagið frá úrræðum sem það hyggst grípa til.
- 6.2. Ráðuneytinu er heimilt að fresta, draga úr eða stöðva og endurkrefja greiðslur uppfylli Norræna félagið ekki skyldur sínar samkvæmt samningi þessum.
- 6.3. Samningsaðilar skulu leitast við að jafna ágreining, ef einhver er, sín á milli.
- 6.4. Dómsmál sem rísa kann út af samningi þessum skal rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

7. Gildistími og lok samnings

- 7.1. Samningurinn gildir frá 1. janúar 2018 til 31. desember 2020.
- 7.2. Hvor aðili um sig getur óskað eftir því að einstök ákvæði samnings þessa eða samningurinn í heild verði tekinn til endurskoðunar, enda séu færð fyrir því efnisleg rök. Endurskoðun skal þá hefjast svo fljótt sem verða má.
- 7.3. Óski annar hvor aðila eftir að segja samningnum upp skal það gert skriflega með þriggja mánaða fyrirvara.
- 7.4. Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor samningsaðili eintaki.

WDA
Boni

Reykjavík 7. janúar 2019



Lilja D. Alfreðsdóttir
mennta- og menningarmálaráðherra



Bogi Ágústsson
formaður Norræna félagsins